




Mynd 1. Áætlaður kostnaður á eldi nauta með mismunandi fæðingardaga frá 12.12.2022 að slátrun. Ekki er reiknaður kostnaður við rekstur á holdakúm eða eldið frá fráfærum til upphafs athugunarinnar, sem voru að meðaltali 25 dagar. Hagnaður er því aðeins miðaður við eldistimann sem fóðurathuginin stóð yfir.



„Miðað við þessar niðurstöður er ljóst að mikill ávinningur er við að láta holdakýr bera fyrr á vorin. Þar hefur líklega áhrif að kýr sem bera snemma að vori eru líklegri til að vera á góðri beit þegar mjólkurframleiðslan er sem mest 70–90 daga eftir burð samanborið við kýr sem bera seinna.“ Mynd / Halla Eygló Sveinsdóttir

Flokkur	Fæðingardagur	Fráfærudagar	Aldur við fráfærun (mán)
Eldri	18.5.2022	23.11.2022	6,2 ^a
Milli	7.6.2022	19.11.2022	5,4 ^b
Yngri	28.6.2022	19.11.2022	4,7 ^c

Tafla 1. Meðalfæðingardagur, -fráfærudagur og meðalaldur við fráfærun fyrir aldurshópana eldri, milli og yngri óháð fódurflokki.

Burðartími holdakúa hefur áhrif á vöxt kálfa

Í síðasta tölublaði var fjallið um niðurstöður fódurathugunar í Hofstaðaseli. Þá voru teknar saman meginniðurstöður verkefnisins, sem var áhrif mismunandi korngjafar á vaxtarhraða holdablendinga og áætlaður kostnaður við stíueldi. Við uppgjör gagnanna komu í ljós fleiri þættir sem hafa áhrif á vaxtarhraða og eldistíma.



Ditte Clausen.

Í athugininni var kálfunum skipt í fódurflokka eftir þyngd og aldri við fráfærun þannig að meðalaldur og meðalþungi fódurflokkanna væri eins. Elstu

kálfarnir voru fæddir í lok apríl, en yngstu í byrjun ágúst. Það er því ljóst að aldursbilið innan flokka var þónokkuð. Það voru 36 naut í hverjum fódurflokki og nauðsynlegt að skipta þeim í þrjár stíur svo þeir hefðu nægt pláss skv. reglugerð. Því var fódurflokkunum skipt upp eftir þyngd og aldri í yngri, milli og eldri. Skoðuð voru áhrif aldurs við fráfærun á vaxtarhraða og eldistíma. Nautin fengu sambærilegt hlutfall af korni, um 20%, þvert á fódurhópana og þar með samanburðarhæfir. Meðalfæðingardag þeirra má finna í töflu 1.

Við uppgjör á athugininni var sláturaldur nautanna leiðréttur að 630 kg lífþunga en það gerir niðurstöðurnar samanburðarhæfari.

Flokkur	Eldistími í dögum (mán)	Sláturaldur í dögum (mán)	Vaxtarhraði kg/dag	EUROP-flokkun (línuleg)	Heildarátt kg þe	Kornát kg þe	Angus hlutfall%
Yngri	452 ^a	624 ^a	0,961 ^a	R(8,3)	3996 ^a	804 ^c	19% ^b
Milli	405 ^a	597 ^a	1,009 ^b	R(8,4)	3608 ^b	626 ^b	27% ^a
Eldri	325 ^b	536 ^b	1,114 ^c	R(8,3)	27885 ^c	557 ^a	30% ^a

Tafla 2. Áhrif fæðingardags óháð fódurflokki á eldistíma, sláturaldur, vaxtarhraða, EUROP-flokkun og fódurát á grip. Angushlutfall var hærri í hópunum milli og eldri. Mismunandi upplýftir stafir sýna marktækan mun milli aldursflokka.

Marktækur munur var á vaxtarhraða og eldistíma milli aldurshópa, þar sem naut í eldri hópunum uxu hraðast (kg/dag) og þurftu þar af leiðandi styttri tíma í stíueldi, eða að meðaltali 127 daga miðað við yngri naut (tafla 2). Það var enginn munur á EUROP-flokkun milli aldursflokka og því voru tekjurnar fyrir sláturgripi eins, afurðaverð fyrir

R2+, 335 kg fall ásamt sláturalagi. Aldur við fráfærun hefur marktæk áhrif á heildarátt og kornát gripa (tafla 2). Þá var heildarátt yngri nauta um 1200 kg þe meira á grip en eldri nautanna og þar af voru 250 kg þe korn. Hefur það töluverð áhrif á fódurkostnaðinn fyrir eldi á gripum sem voru seint fæddir (mynd 1).

Til að áætla aðstöðukostnað voru notaðar tölur um meðal-þynggingakostnað úr rekstrarverkefni nautakjötsframleiðenda sem er unnið af RML. Í útreikningunum miðar launakostnaður við dagvinnutaxta sem notaður er við gerð fjárfestingaáætlana í landbúnaði (5.145 kr/klst) en það er ljóst að raunlaun bænda eru töluvert lægri. Með breyttum forsendum um aðstöðu- og launakostnað getur hagnaður við eldi breyst þó nokkuð og hvað þetta varðar má einnig búast við að töluverður breytileiki sé milli búna.

Angus-áhrif

Í Hofstaðaseli hafa bændur verið að innleiða nýja norska Angus-kynið í stofninn og voru í athugininni gripir sem voru 50% Angus eða meira, í bland við hefðbundna íslenska holdagripi. Í sambandi við verkefnið um kjötgæði á nautum úr fódurathugininni voru tekin erfðasýni úr öllum gripum og blendingshlutfall þeirra rannsakað. Það leyfði okkur að skoða hvort áhrif væru af Angus-kyninu. Við skoðun blendingshlutfalls innan aldurshópa sást tilhneiging til Angus-áhrifa. Þannig virðast gripir með herra hlutfall af Angus vera með meiri vaxtarhraða en aðrir gripir. Angushlutfallið var að meðaltali herra í milli og eldri hópunum (tafla 2) og skýrist það af því að gripirnir voru aðallega flokkaðir eftir þyngd þegar fódurhópunum var skipt í þrennt þegar komið var 6 mánuði inni í athuginuna

Túlkun – niðurstöður

Miðað við þessar niðurstöður er ljóst að mikill ávinningur er við að láta holdakýr bera fyrr á vorin. Þar hefur líklega áhrif að kýr sem bera snemma að vori eru líklegri til að vera á góðri beit þegar mjólkurframleiðslan er sem mest 70–90 daga eftir burð samanborið við kýr sem bera seinna. Það er ekki ólíklegt að það hafi áhrif á mjólkurframleiðslu og þar með einnig mjólkurinntöku kálfanna. Meginnæringarefni holdakálfa fyrstu 4–6 mánuðir er mjólk. Við 4–10 vikna aldur fer beit að vega meira og inntaka af grasi vex í takt við að sem mjólkinn minnkar. Kálfar sem eru fæddir snemma eru því líklegri til að ná betri síðsumarheit en seint fæddir kálfar. Minni mjólk og lakari beit í kjölfarið hefur neikvæð áhrif á vöxt kálfa sem annars eru með mikla vaxtargetu. Hægt er að bæta það upp með kjarnfóðri og betra heyi handa kálfunum í beitarhólfinu en það mun hafa áhrif á fódurkostnað. Kostnaðarlega séð er það sennilega ódýrara að gefa kúm sem bera snemma gott hey í upphafi á meðan það er takmörkuð beit.

Með tilkomu nýs erfðaefnis virðist vaxtarhraðinn holdablendinga vera að aukast en það var einmitt einn eiginleikinn sem var verið að sækjast eftir með innflutningi á nýju erfðaeefni. Til að fullnýta vaxtargetu kálfanna er ávinningur af því að skipuleggja burðartímann þannig að hann sé í apríl-maí. Það þýðir að þarfanautið þarf að fara úr hjörðinni í lok ágúst. Það getur líka krafist þess að kálfarnir verði teknir inn fyrr á haustin, kannski í október til að lágmarka líkurnar á að nautkálfar fari að kelfa kvígur. Með því að taka kálfana fyrr á hús tapast ekki vöxtur þegar beitin er orðin léleg til vaxtar og því einnig ávinningur með þeim hætti.

Höfundur er ráðunautur í búfjárrækt.



SJÓNAUKAR



Bushnell R3
stækkun 10×42
29.900kr



Fusion X stækkun 10X42
Rangefinding Binoculars
149.900kr



Bushnell R5
stækkun 8×42
56.900kr.



Simmons
stækkun 20-60X80
59.900kr.



Bushnell Legend
stækkun 12×50
58.900kr.



Laugaveg 178 - sími: 551 6770 - www.vesturrost.is